



## Vegna hitaveituframkvæmda frá Hofsósi að Neðri Ási og Ásgarðsbæjunum

Skagafirði 12. mars 2019

Ágæti viðtakandi.

Skagafjarðarveitur hafa staðið fyrir leit og dreifingu á heitu vatni í Skagafirði í rúm 20 ár og munu halda því áfram til hagsbóta fyrir íbúa. Á undanförunum árum hefur verið unnið ótullega að því að tengja hinar dreifðu byggðir sveitarfélagsins heitu vatni og er nú svo komið að rúmlega 90% af heimilum í sveitarfélaginu eru kynnt með heitu vatni. Skagafjarðarveitur hafa mótað þá stefnu að þegar nýjum hitaveitum er komið á laggirnar í sveitarfélaginu sé stofnkostnaður greiddur niður á um 20 árum. Gengið er út frá því að orkuverð miðað við orkueiningu (kr/kWh) til notenda verði það sama á öllum hitaveitusvæðunum. Þetta leiðir til þess að heimæðargjöld verða mis há eftir því hver stofnkostnaður hvernar veitu er.

Kostnaður við hitaveituframkvæmdir frá Hofsósi að Neðri Ási og Ásgarðsbæjunum er áætlaður um 215 milljónir kr. og er fjármagnaður af Skagafjarðarveitum að hluta eftir þeim forsendum sem að ofan greinir, af heimæðargjöldum notenda og af styrk frá ríkissjóði sem tengdur er niðurgreiðslum á rafmagni til húshitunar á viðkomandi svæði. Hluti þessa styrks rennur til þeirra sem skipta þurfa úr rafmagnsöfnum yfir í vatnsöfna vegna breytinganna. Þetta á aðeins við um þau hús sem njóta niðurgreiðslu til húshitunar.

Samhliða hitaveituframkvæmdunum verður lagður ljósleiðari í samvinnu við Mílu sem verður eigandi ljósleiðarakerfisins og mun sjá um viðhald og rekstur kerfisins. Ljósleiðari verður lagður á öll lögheimili á framkvæmdasvæðinu óháð því hvort viðkomandi taki inn hitaveitu eða tengist ljósleiðaranum.

### Verðskrá heimæðargjalda vegna lagningu hitaveitu: (öll verð eru án 11% virðisaukaskatts)

Íbúðarhús:	2.100.000.- fyrir íbúðarhús allt að 300m <sup>3</sup> 1.750kr/m <sup>3</sup> fyrir hvern m <sup>3</sup> umfram 300m <sup>3</sup>
Sumarhús:	1.350.000.- fyrir sumar- og frístundahús allt að 300m <sup>3</sup> 1.080kr/m <sup>3</sup> fyrir hvern m <sup>3</sup> umfram 300m <sup>3</sup>

Útihús: Tenging útihúsa greiðist alfarið af eiganda samkvæmt reikningi verktaka

### Verðskrá heimtaugagjalda vegna lagningu ljósleiðara: (verð er með virðisaukaskatt)

Heimtaug: 250.000.- Heimtaugagjald verður ekki innheimt nema viðkomandi óski eftir tengingu.  
Boðið verður upp á að dreifa greiðslu heimtaugagjalds á sex mánuði án vaxtakostnaðar.

Verðskrá þessi er í gildi í 10 ár eftir að framkvæmdum lýkur fyrir núverandi íbúðarhús eða íbúðarhús sem eru í byggingu á meðan hitaveituframkvæmdum stendur. Verðskráin er óverðtryggð þar til framkvæmdum lýkur en eftir það reiknast verðbætur samkvæmt byggingavísitölu. Áætluð verklok eru í árslok 2019.

Þar sem breyta þarf hitakerfum íbúðarhúsa úr rafmagnsþilofnum í vatnsöfna verður greiddur styrkur að upphæð 352.000.- á hús allt að 300m<sup>3</sup> auk 530kr/m<sup>3</sup> á hvern m<sup>3</sup> umfram 300m<sup>3</sup>.

Ekki er hleypt á hús fyrr en heimæðargjald hefur verið greitt og eindagi reiknings er 3 mánuðum eftir tengingu húss. Aukaheimæðar í útihús greiðast alfarið af eigendum býllanna samkvæmt sérstökum samningi við verktaka. Eigendur sjá einnig um að affallsrör frá hitakerfi verði lagt út fyrir húsvegg og þangað sem henta þykir. Heita vatnið verður selt eftir rúmmetramæli.

Með þessu bréfi fylgir eyðublað (umsókn um heimæð hitaveitu) sem viðtakandi er beðin að fylla út og senda til baka í meðfylgjandi umslagi sem má setja beint í póst.

**Mjög áriðandi er að mögulegir notendur svari þessu bréfi sem fyrst, hvort sem þeir hyggjast tengjast veitunni eða ekki.**

Nánari upplýsingar eru veittar á heimasíðu Skagafjarðarveitna, skv.is og í síma 455-6200.

Með bestu kveðju og von um ánægjuleg viðskipti í framtíðinni.

f.h. Skagafjarðarveitna

Indriði Þór Einarsson

Sviðsstjóri veitu- og framkvæmdasviðs

Sveitarfélagsins Skagafjarðar